

Ætlum að ryðja hindrunum úr vegi

Orrí Hauksson, nýráðinn framkvæmdastjóri SI, segir að atvinnulífið þurfi sjálft að flýta fyrir endurreisn efnahagslífsins en vonast um leið að stjórnvöld flækist ekki of mikið fyrir. Í viðtali við Viðskiptablaðið fjallar Orrí um fyrirhugað átak SI, stöðu atvinnulífsins almennt, samskiptin við stjórnvöld og hvort vænta megi stefnubreytingu SI í Evrópumálum.



GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Orri Hauksson tók við starfi framkvæmdastjóra um síðustu mánaðamót. Aðspurður um hvaða breytinga megi vænta með nýjum framkvæmdastjóra segir Orri að aðaláhersla hans í þessu nýja starfi sé að atvinnulífð og samtök í atvinnulífnum þurfi sjálf að gera allt sem mögulegt er til að flýta endurreisn efnahagslífsins.

„Atvinnulífð verður sjálft að leiða íslenskt hagkerfi út úr þessari þoku. Óskandi væri að við gætum unnid sem mest með stjórnvöldum í því,“ segir Orri. „Það eru margir góðir hlutir í gangi í íslenskum iðnaði og atvinnulífi sem fara ekki hátt, það fer meira fyrir umræðu um það sem afvega hefur farið.“

Þá segir Orri að um þarnaestu mánaðamót muni samtökin hleypa af stokkunum miklu átaki sem áætlað er að standi yfir í heilt ár. Verkefninu sé ætlað að benda á það sem vel er gert í íslenskum iðnaði en dragi jafnframt fram það sem hægt er að gera betur. Verkefnið mun að sögn Orra standa yfir í heilt ár, snúast um nýsköpun í víðum skilningi þess orðs og að kjarninn í því verði frumkvæði og fjárfesting.

„Það er mun meiri nýsköpun og gerjun í gangi en margir halda, en við þurfum strax að fá aukna fjárfestingu og skýrari forsendur inn í framtíðina,“ segir Orri. „Við sem samtök í atvinnulífi ætlum að gera okkar til þess að ryðja hindrunum úr vegi. En auðvitað er stefnan að fá stjórnvöld með okkur í lið þar sem við getum, auk fjármála-kerfisins og alls umhverfis nýsköpunar og atvinnusköpunar. Sem dæmi má nefna að við hyggjumst skerpa á sérstöðu tiltekinna greina, styðja við klasauppbýggingu og markvissa þekkingarmiðlun innan þeirra. Slíkt einfaldar og liðkar fyrir arðbærri atvinnuuppbyggingu.“

Orri segir að nýsköpun eigi ekki bara við um sprota- og tæknifyrirtæki. Hún eigi sér líka stað innan iðngreina sem hingað til hafa verið taldar þroskaðar og ráðsettar.

„Staðan er hins vegar því miður sú að um þessar mundir er nánast ekkert fjárfest á Íslandi. Samt eru allir bankar fullir af peningum. En féð situr þar og rykfellur og kemst ekki áfram í arðbæra farvegi. Í fyrsta lagi eru vextir of háir og sú hikandi lækkun undanfarna missera sem þó hefur átt sér stað hefur enn ekki haft mikil áhrif. Bankarnir eru afar hræddir við að lána til nýrra verkefna.“

En stjórnvöld eru ekki að hjálpa til að mati Orra, til dæmis sé hluti ráðamanna á móti einstökum verkefnum sem framundan eru og sem stjórnvöld hafi meira að segja löngu ákveðið að styðja, t.d. verkefnið í Helgúvik.

„Í umverfisráðuneytinu var allra leiða leitað til að tefja málið og það tókst heldur betur. Stjórnvöld hafa verið bæði viljandi og óviljandi fyrir atvinnulífnum. Hins vegar má segja iðnaðarráðherra til hróss að fyrir tveimur vikum tók hún af skarið og kallaði saman fund með helstu hagsmunaaðilum vegna Helgúvikur. Hún má eiga það að hún er að reyna að leiða ýmis mál áfram, svo sem til að örva þróun og nýsköpun. Þó átta ég mig ekki alveg á því hún dregur svo

lappirnar vegna Norðlingaöldu. Sú framkvæmd er heiðgræn og afar praktísk verðmætasköpun í sátt við umhverfið.“

Nei betra en kannski

Orra leggur áherslu á að óvissan og flækjufóturinn sé það sem valdi atvinnulífnum mestum vandræðum.

„Ég veit um fjárfesta sem eru þátttakendur í verkefnum bæði í Malasíu og hér á Íslandi, en sem hafa meiri áhyggjur af pólitískum stöðugleika á Íslandi. Þeir lifa í stöðugri óvissu um það hvernig kerfi þeir eru að vinna innan,“ segir Orri. „Það er ótrúlegt að menn skulu efast um eðlilega hluti, eins og réttarríki og regluumhverfi, þegar kemur að fjárfestingum á Íslandi. Við sjáum bara flækjustigið varðandi gagnaverin. Þar er búið að undirbúa þessi mál í tvö ár og síðan af-

sakar fjármálaráðherra þá staðreynd að ekkert gerist með því að þetta mál sé svo óendanlega flókið frá skattasjónarmiði. Það er frekar að það sé óendanlega hryggilegt að svona rak-in framfaramál geti orðið svona flókin í höndum hins opinbera. Hér ættu öll starfsskilyrði að vera til staðar, frá náttúrunnar hendi er ekkert til fyrirstöðu, við erum með vel menntað og tæknisinnad starfsfólk sem vill finna kröftum sínum farveg. Græn upplýsingatækni er frábær viðbót inn í íslenskt hagkerfi, sem öðrum Evrópuríkjum hefur tekist að hafa skýra og einfalda skattumgerð kringum. Hið opinbera er jafnframt búið að verja háum upphæðum til DanIce strengjarsins til að sinna tölvuvinnslu af þessum toga. En stærstu upplýsingatæknifyrirtæki heims eru við það að gefast upp á verkefninu hér á landi og horfa

til annarra og í grunninn óhentugri staða á jarðarkringlunni fyrir svona starfsemi. En lengi skal manninn reyna, ég leyfi mér að vona að fjármálaráðherra taki brátt pólitíska forystu í málinu í ráðuneyti sínu.“

Í þessu samhengi segir Orri að svipaða sögu megi segja af erlendri fjárfestingu í HS Orku. Óljóst sé hver vilji stjórnvalda er í því máli og í raun viti það enginn. Á meðan hiki fjárfestar þar sem þeir viti ekki hvaða reglur eru í gildi.

„Stundum er skýrt „nei“ mun betra svar en flókið „kannski“. Þetta á ekki bara við um erlenda fjárfesta. Við sjáum til dæmis í sjávarútvegi að menn þora ekki að gera plön lengra en nokkrar vikur fram í tímann því þeir vita ekki hvernig kerfið verður og hvort það sem þeir keyptu í fyrra verði gert verðlaust á morgun. Við þetta

bætist að það er búið að flækja skattkerfið og hækka alla skatta – og segja um leið „You ain't seen nothing yet“. Hækkandi, sibreytilegir og óútreiknanlegir skattar verka ekki beinlínis til þess að laða að fjárfesta, heldur skaða þvert á móti heilu atvinnugreinarnar og beina fé úr framtaki í ríkisskuldabréf.“

Viljum ekki vera í reiptogi við stjórnvöld

Það virðist sem atvinnulífð sé í eilífri baráttu við stjórnvöld þessi misseri og þá kemst maður ekki hjá því að spyrja: er þessi baráttu SI ekki ofviða og hvað getur SI gert í baráttu við rísa eins og ríkið?

„Samtök iðnaðarins koma ekki ein og sér og bjarga því sem miður hefur farið upp á síðkastið. Auðvitað viljum við vinna með stjórnvöldum en ekki



„Raunveruleikinn er hins vegar sá að Icesave-vandræðagangurinn kemur ekki í veg fyrir fjármögnun á verkefnum hér á landi. Það er fyrirséð og Icesave-bolinn er bara dreginn af bás sínum þegar það hentar stjórnvöldum að beina athyglinni frá eigin húsdýrum, þ.e. skattahækkunum og hringlanda,“ segir Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI.

VB MYND/BIG

Praktísk nálgun á ESB

Afstæða Samtaka iðnaðarins til Evrópumála hefur verið öllum ljós og samtökin hafa um árabil beitt sér af miklum krafti fyrir innngöngu Íslands í Evrópusambandið. Aðspurður um hvort vænta megi breytinga á stefnu samtakanna með ráðningu nýs framkvæmdastjóra segir Orri að stefna samtakanna sé mótuð á iðnþingi á ári hverju. Ráðning nýs framkvæmdastjóra breyti þar engu um.

En þú hlýtur að hafa einhverja skoðun á því sjálfur?

„Já, mín skoðun á þessu máli er byggð á praktískri nálgun,“ segir Orri. „Það er aðildarumsókn í gangi og ákveðinn ferill sem fylgir því. Það veit enginn hvenær honum lýkur eða hvernig en á meðan hann er í gangi þá er skylda þessara samtaka að reyna að gæta að hagsmunum iðnaðarins og atvinnulífsins á Íslandi eins og hægt er.“

Orri segir að öllum sé ljóst að Ísland sé ekki að fara að breyta ESB. Flestum sé ljóst hvað það þýði að

standa utan ESB og hvað það þýði að standa innan þess.

„Hins vegar eru útfærsluatriði sem í stóra samhenginu fyrir þjóðina í heild breyta ekki endilega miklu, en skipta sköpum fyrir ákveðna hópa,“ segir Orri. „Þeim atriðum þurfum við að vera vakandi yfir og berjast fyrir, t.d. tollum varðandi innflutning á súríli, ýmis leyfismál, hugverk og margt annað sem getur verið mikilvægt fyrir ákveðnar greinar en sem verka kannski ekki sem lyklatríði þegar á heildina er litið. Þannig að okkar starf er mjög árangurs- og hnitmiðað í þessu ferli.“

En starf og áróður SI hefur verið meira en praktískur hingað til. Munum við sjá blaktandi Evrópufána á næsta iðnþingi eins og síðustu ár?

„Eins og ég sagði áður þá mun stefna þessara samtaka ekki breytast við komu nýs framkvæmdastjóra,“ segir Orri og brosir.

„Hins vegar vinnum við herna frá degi til dags á þann hátt sem ég lýsti hér áðan. Við erum fyrst og fremst

að gæta hagsmuna okkar félagsmanna, iðnaðarins og atvinnulífsins hvað best við getum. Það á við í öllu þessu ferli, hvernig sem því lýkur og hvenær sem því lýkur.“

Nú benda skoðanakannanir til þess að ef kosið yrði í dag myndu Íslendingar hafna aðild að ESB. Menn hafa samt verið með ýmsar yfirlýsingar um nauðsyn þess að fara inn og þar fram eftir götunum. Í framhaldi af því er eðlilegt að spyrja, hversu mikið er undir í þessum viðræðum?

„Það er mismunandi á milli starfsgreina. Sumar leggja mikið upp úr því að fara inn en aðrar eru alfarið á móti eins og við þekkjum,“ segir Orri. „En ég verð að ítreka, okkar verkefni hér er að vinna eins vel út úr hverri stöðu og hægt er fyrir atvinnulífð og hagsvélinu. Nú er staðan þannig að við erum utan ESB en í umsóknarferli. Í því ferli munum við passa að hagsmunir okkar aðildarfélaga komist til skila. Hvort sem við förum inn eða ekki þá munum við vinna úr þeirri stöðu eins vel og hægt er. Í Evrópumálum og öllum öðrum alþjóðamálum er mikið rými fyrir lausnamiðun og pragmatisma á þessu landi.“



„Það eru um 14 þúsund manns á atvinnuleysissskrá, sem er hæsta tala Íslandssögunnar. Á meðan tútnar hið opinbera út í höfðatölu. Þess vegna er ekkert skrýtið að ráðamenn tali um gósentíð þegar þeir lifa í þessum heimatilbúna veruleika sínum.“

VB MYND/BIG

vera í reiptogi við þau, en við hikum ekki við að láta í okkur heyra þegar þarf.“ segir Orri. „Hins vegar eru um 1.200 fyrirtæki í samtökunum og við eigum fint samband við stjórn-sýsluna á ákveðnum stigum. Vinnu-málastofnun gengur til dæmis mynd-arlega fram í því með atvinnulífínu og háskólunum að koma fólki mark-visst af atvinnuleysissskrá og yfir í sérhæft tæknináms sem fjölmargar greinar hafa þörf fyrir. Þarna er opin-ber stofnun að standa sig með þryði. Við sem samtök reynum síðan það sem við getum til að flýta almennt fyrir ákvörðunum og rýmka til þar sem þarf. Samtökin munu nýta þá þekkingu sem er til hér innanhúss að reyna að liðka til fyrir fyrirtækjum innan sinna vébanda, ekki síst til að skýra stöðu þeirra þannig að þau viti hvar þau standa gagnvart yfirvöldum. Í augnablikinu skortir langtímahugs-un, það vantar forsendur til að hugsa þrjú, fimm eða tíu ár fram í tímann. Fjárfestingar eru auðvitað grunn-urinn að hagsæld á næstu árum en á meðan enginn sáir fræjum í dag er útlitið ekki bjart fyrir uppskeru næstu ár.“

En nú eru skattar ekki að fara að lækka og varla verður flækjustigið leyst, hvað getið þið gert á meðan sem þið eruð ekki búnir að gera?

„Samtök iðnaðarins hafa auðvitað ekki sjálfstæða getu til að koma verk-efnum á koppinn og það stendur ekki til að stilla þessu þannig upp. En við ætlum okkur í alhliða andlegt og lík-amlegt nýsköpunaráttak. Því höfum við stjórn á. Við ætlum líka að leiða fólk saman þar sem þarf og laða fram ákvarðanatöku og skýrleika. Þarna þurfum við að vinna með hinu opin-bera. Við skynjum mikinn vilja hjá okkar félagsmönnum fyrir því að við setjum undir okkur hausinn og beit-

um okkar víða netverki til að rjúfa vitahringi, sem eru víða til trafala.“

Ráðamenn í draumaheimi

Þegar blaðamaður vikur umræðunni að stöðu stjórnvalda í atvinnulífínu vekur Orri að fyrra bragði máls á af-neitun stjórnvalda á því ástandi sem nú ríkir. Þannig hafi stjórnmalamenn iðulega talað um það undanfarið að allt væri í blóma.

„Síðan koma þeirra eigin stofnanir sem mæla efnahaginn með hlutlæg-um aðferðum og sýna fram á að það er alls ekki raunin, heldur þvert á móti,“ segir Orri. „Það er kannski ekk-ert skrýtið að menn lifi í einhverjum öðrum veruleika innan stjórnarráðs-ins. Ráðamenn deila ekki kjörum með

við atvinnumissi. Það eru um 14 þús-und manns á atvinnuleysissskrá, sem er hæsta tala Íslandssögunnar. Á með-an tútnar hið opinbera út í höfðatölu. Þess vegna er ekkert skrýtið að ráða-menn tali um gósentíð þegar þeir lifa í þessum heimatilbúna veruleika sín-um.“

Orri segir þó, stjórnvöldum til varn-ar, að verkefnið sé ekki auðvelt. Ríkið hafi verið þanið út á árunum fyrir hrun af miklu fyrirhyggjuleysi. Hrunið hafi hagvöxtur, sem ekki var raunveruleg-ur nema að hluta. Neyslusprengjan hafi að miklu leyti verið byggð á ofrísí krónunnar og gervikaupmætti. Verk-efni ríkisstjórnarinnar sé ekki auðvelt og rétt sé að taka tillit til þess.

„Nú virðast stjórnvöld ætla að fara að draga saman seglin hjá hinu opin-bera og það er kominn tími til. Óskandi væri að það væri eina ráðið sem gripið væri til í stað þess að velta sífellt aukn-um byrðum yfir fólkið í landinu,“ segir Orri. „Það skilja það allir sem reka heimili eða fyrirtæki hvað þarf að gera þegar kreppir að. Það þarf að lækka út-gjöld, spara og lifa innan þeirra marka sem efnahagurinn leyfir þá stundina. Sá skilningur er kannski að komast hægt og rólega inn hjá hinu opinbera. Betra er seint en aldrei og það er vert að styðja við þessa viðleitni.“

„Það versta er þó að hér halda all-ir að sér höndum, menn þora varla að horfa fyrir næsta horn. Þegar á þetta er bent segja stjórnvöld jafnan að ástæðan fyrir hægaganginum sé hinn hræðilegi kuldboli Icesave,“ segir Orri. „Raunveruleikinn er hins vegar sá að Icesave-vandræðagangurinn kemur ekki í veg fyrir fjármögnun á verkefnum hér á landi. Það er fyr-irsláttur og Icesave-bolinn er bara dreginn af bás sínum þegar það hent-ar stjórnvöldum að beina athyglinni frá eigin húsdýrum, þ.e. skattahækk-unum og hringlanda.“

Kunni því ágætlega að vinna með Björgólfi Thor

Orri starfaði fyrir um áratug sem aðstoðarmaður Davíðs Oddsson-ar, þáverandi forsætisráðherra, og síðar meir starfaði hann með Björg-ólfi Thor Björgólfssyni athafnamanni. Það er því óhætt að segja að Orri hafi starfað með umsvifamiklum og á tíðum umdeildum einstaklingum í ís-lenskrí pólitík og viðskiptalífi.

Með inngöngu Íslands í ESB í huga er Orri spurður um samskipti sín við Davíð. Orri segir að þeir hafi í gegnum tíðina haldið ágætis sambandi en auðvitað ekki verið sammála um alla hluti. Samskiptin þeirra á milli séu þó góð og það fari vel á með þeim þegar þeir hittist.

Þegar tilkynnt var um ráðningu Orra til SI í sumar fóru af stað raddir sem voru áfjádár í að ríffa upp samstarf hans við Björgólfi Thor. Aðspurður hvort hann telji að samstarfið við Björgólfi Thor rýri á einhvern hátt trúverðugleika hans sem framkvæmdastjóri SI, svarar Orri því umsvifalaust neitandi.

„Ég hef ekki fundið fyrir því, hvorki meðal félagsmanna Samtaka iðnaðar-ins né hjá þeim aðilum sem ég hef átt samskipti við vegna samtakanna,“ segir Orri. „Ég, líkt og aðrir, er með ákveðna menntun og ákveðna starfs-reynslu, meðal annars með áberandi og umdeildum einstaklingum. Ég hef líka setið í stjórnum fjölda almennings- hlutafélaga í tveimur heimsálfum og komið að ýmsum viðamiklum verkefn-



um í mismunandi atvinnugreinum. Ég held að þetta skapi allt ágætis reynslu og ég hlakka til að einhenda mér í að nýta hana í þágu íslensks atvinnulífs eins og ég kann best. Þeir sem þekkjja mig vita að ég hef mínar eigin skoðanir og er ekki gerður út af neinum.“

Orri segist hafa kunnað því ágætlega að vinna með Björgólfi Thor. Björgólfi hafi klárlega gert mistök sem hann hafi sjálfur kosið að ræða í þaula á opinberum vettvangi. Hann hafi að sama skapi klárlega gert marga magn-ada hluti í viðskiptum í gegnum tíðina.

„Hann stendur sjálfur fyrir sínu máli. Ég upplífi það hreint ekki sem einhvern blett á minni fortíð að hafa unnið fyrir hann, nema síður sé. Það er bara óvenjuleg og afar praktísk reynsla, sem ég kappkosta að nýta rétt eins og hverja aðra reynslu,“ segir Orri.